

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Sent á netfangið: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 19. febrúar 2024.

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík, 704. mál á 154. löggjafarþingi 2023-2024.**


Landssamtök lífeyrissjóða vísa til tölvupósts nefnda- og greiningarsviðs Alþingis 15. febrúar sl. þar sem samtökunum er sent til umsagnar frumvarp til laga um kaup á íbúarðhúsnæði í Grindavík. Af þessu tilefni áréttast hjálagðar athugasemdir samtakanna við drög að frumvarpinu sem voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda. Helstu athugasemdir samtakanna eru eftirfarandi:

- Samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrirséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, einskorðast hlutverk lífeyrissjóða við það að taka við, varðveita og ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og greiða lífeyri til sjóðfélaga og eftir atvikum maka og barna þeirra. Ákvæði laganna gera ekki ráð fyrir að lífeyrissjóðum sé heimilt að inni af hendi framlög í öðrum tilgangi.
- Í lögunum er mælt fyrir um að lífeyrissjóður skuli hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi og að allar fjárfestingar skuli byggðar á viðeigandi greiningu á upplýsingum með öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi eignasafnsins í heild í huga.
- Samkvæmt framansögðu eru skorður við því að lífeyrissjóður taki almenna ákvörðun um að gefa eftir ábyrgð lántaka á lánum sem hafa verið veitt með veði í fasteign. Verður slík ákvörðun að samræmast ákvæðum laganna og þeirri umboðsskyldu sem hvílir á stjórn og stjórnendum viðkomandi lífeyrissjóðs.
- Í umfjöllun fræðimanna um lögin hefur verið bent á að færa megi sterk rök fyrir því að það samræmist ekki stjórnarskrá að veita lífeyrissjóðum heimild til að nýta fé í annað en að tryggja sjóðfélögum lífeyrirséttindi. Sú heimild sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins fyrir lífeyrissjóði til að taka ákvörðun um afskriftir lána breytir ekki því að samkvæmt framansögðu eru takmarkanir á heimild þeirra til þess að nýta fé í annað en að tryggja sjóðfélögum lífeyrirséttindi.
- Fyrir liggur að verðmæti lánasafna einstakra lífeyrissjóða vegna lána sem hafa verið veitt með veði í fasteignum í Grindavík er ekki það sama nú og það var fyrir þær jarðhræringar sem hafa átt sér stað í sveitarfélaginu. Aðrar leiðir en lagðar eru til í frumvarpinu kunna því að vera færar fyrir stjórnvöld til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Var athygli stjórnvalda vakin á þessu áður en frumvarpið var kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda.

Landssamtök lífeyrissjóða áréttu hér með framangreint um leið og athygli er vakin á því að það er í höndum einstakra lífeyrissjóða en ekki samtakanna að taka ákvörðun í þessum eftirnum.

Virðingarfullst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri